



# Skútustaðahreppur, Mývatnssveit

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn • Sími 464 4163

[skutustadahreppur@skutustadahreppur.is](mailto:skutustadahreppur@skutustadahreppur.is) • [www.skutustadahreppur.is](http://www.skutustadahreppur.is)

25. janúar 2021

2101010 SM

**Efni:** Umsögn sveitarfélagsins Skútustaðahrepps um Grænbók um byggðamál

Vísað er til máls nr. 274/2020 í Samráðsgátt stjórnvalda. Ítrekað er að nefndin hefur haft gott samráð við sveitarstjórnir á þessu svæði við vinnslu málsins.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps fagnar framkominni grænbók um byggðamál. Um er að ræða brýnan málaflokk sem hefur tengingu við flesta þætti íslensks samfélags og innviði landsins alls.

Með grænbókinni er haghöfum, þ.m.t. almenningi, gert kleift að hafa áhrif á byggðaáætlun og koma á framfæri sjónarmiðum um framkvæmd hennar. Byggðaáætlun er mikilvægt tæki til að stuðla sjálfbærni byggða og sveitarfélaga um land allt og að þjónusta og innviðir um allt land mæti þörfum samfélagsins.

Skútustaðahreppur fagnar þeim áherslum sem fram koma í töflu 1 á bls 14. Þar sem kemur fram að markmið nýrrar byggðastefnu sé að „efla samkeppnishæfni á grunni svæðisbundinna styrkleika“. Í því ljósi leggjum við áherslu á mikilvægi þess að nýsköpun og umhverfismálum verði gert hátt undir höfði í byggðaáætlun. Jafnframt er mikilvægt að styrkja mikilvæga innviði landsins og má þar t.d. nefna aðgang að staðbundinni heilbrigðisþjónustu og fjarheilbrigðisþjónustu, sem og hjúkrunarrýmum. Hyggja þarf að geðheilbrigði, ekki síður en líkamlegu heilbrigði og horfa sérstaklega til forvarna og fræðslu. Tækifæri til fjölbreyttrar menntunar þarf að tryggja og að uppbygging höfuðborgarsvæðis og annarra þéttbýlissvæða gangi ekki á möguleika dreifbýlli svæða til þróunar og sjálfbærrar nýtingar eigin auðlinda, t.d. orkuauðlinda. Að sama skapi er mikilvægt að dreifing orku miðist við þarfir samfélagsins og uppbyggingu staðbundinnar verðmætasköpunar, þar sem meginsteff sé fullnýting orku og sjálfbær samfélags- og umhverfisþróun. Eftirlitskerfi með matvælaframleiðslu þarf að taka mið af raunverulegu áhættumati og líta þarf á „úrgang“ sem auðlind sem eigi að nýta í staðbundnu hringrásarhagkerfi, sé þess kostur. Þá er sérstaklega mikilvægt að hugað verði að uppbyggingu „mjúkra“ innviða og velta má upp hvort árangursmælikvarðar byggðastefnu verði ekki einnig að taka mið af slíkum sjónarmiðum. Ætti hamingja fólks ekki að vera mælikvarði?

Einungis þriðjungur íbúa á Íslandi eiga í dag lögheimili utan höfuðborgarsvæðisins. Sambærilegt hlutfall í nágrannalöndum okkar er 64-80%. Samþjöppun íbúa á þröngt afmarkað svæði á landinu skapar kerfislæga áhættu fyrir samfélagið og dregur úr möguleikum Íslands til umbyltandi nýsköpunar sem getur haft mikil áhrif á áskoranir samtímans, t.d. tengt loftslagsmálum og bindingu kolefnis með sjálfbærri landnotkun. Með skýrri samþættingu loftslags- og byggðamála og áherslu á tækifæri sem felast í sjálfbærri landnýtingu má ná miklum árangri og nýta fjármagn sem fer til aðgerða í loftslagsmálum með skilvirkum hætti.

Fjárfesting í nýsköpun á Íslandi er að stærstum hluta á höfuðborgarsvæðinu og dregur það úr möguleikum annarra svæða til framþróunar. Mikilvægt er að styðja með beinum hætti við

frumkvöðla, fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög utan þéttustu byggðakjarna til að ná auknum árangri í nýsköpun og takast á við brýnar samfélagslegar áskoranir. Ríkisframlög til stofnana, sem flestar eru staðsettar á þéttbýlustu svæðum landsins, tryggja nauðsynlegt grunnrekstrarfé þeirra, þ.a.sækja megi frekara fé til nýsköpunar í þessum stofnunum í samkeppnissjóðum og með samstarfi við einkaaðila. Slíkum grunnframlögum er sjaldnast fyrir að fara utan höfuðborgarsvæðisins. Sveitarstjórn Skútustaðahrepps vill lýsa ánægju sinni með 20 milljóna framlag jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til verkefnisins „Nýsköpun í norðri“ (NÍN), en það verkefni er samstarfsverkefni Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar. Með framlagi jöfnunarsjóðs var sveitarfélögunum gert kleift að virkja íbúa til aukinnar nýsköpunar og sækja aukið fjármagn til innlendra og erlendra aðila. Þannig hafa skapast „snjóboltaáhrif“ sem m.a. hafa haft áhrif á vinnu við uppfærslu aðalskipulags og skapað a.m.k. 6-8 einstaklingum störf tengt nýsköpun á svæðinu.


Sveitarstjórn Skútustaðahrepps tekur undir sjónarmið, sem koma fram í grænbókinni, þess efnis að rýna þurfi starf á vegum ríkisins með „byggðagleraugum“, á sambærilegan hátt og gert hefur verið með góðum árangri út frá kynjasjónarmiðum. Þannig mætti sjá fyrir að „byggðajafnrétti“ verði náð á skömmum tíma með beinum aðgerðum og skýrum lagaramma. Eðlilegt væri t.d. að a.m.k. verulegur hluti (30-50%) stjórnarmanna í opinberum fyrirtækjum og stofnunum eigi lögheimili utan höfuðborgarsvæðis til að tryggja fjölbreytta sýn í stjórnun ríkisaðila. Þá er mikilvægt að fundamenning fjarfunda, sem skapast hefur vegna Covid-19, verði þróuð enn frekar og fulltrúum í stjórnnum, starfshópum og ráðum utan höfuðborgarsvæðisins þannig gert kleift að starfa með sambærilegum hætti og íbúum höfuðborgarsvæðisins. Þá er jafnframt bent á sparnað og lægri losun koldíoxíðs í þessu sambandi.

Störf án staðsetningar eru afar mikilvæg aðgerð tengt byggðaðróun. Lagt er til að markmið þar að lútandi verði uppfærð strax, þ.a.s. stefnt verði að því að 25% allra auglýstra starfa í ráðuneytum og stofnunum þeirra verði án staðsetningar árið 2022 þannig að búseta hafi ekki áhrif við val á starfsfólki í ráðuneytum. Störf án staðsetningar hafa verið til umræðu um nokkra hríð. Þó vissulega hafi meira gerst á síðustu misserum í þeim efnum en áður, gengur hægt að brjóta upp íhaldssaman stofnanakúltúr ríkisins, sem einblínir á Reykjavíkursvæðið fyrir starfsstöðvar og stuðlar þannig að enn frekari byggðaröskun. Covid-19 hefur kennt okkur að fjarfundir og fjarvinna geta virkað mjög vel og er því ástæða til að nýta þá reynslu og skerpa á og flýta markmiðum um störf án staðsetningar. Þá er afar mikilvægt að haldið verði utan um raunverulegan fjölda starfa án staðsetningar hjá stofnunum ríkisins og gripið til viðeigandi ráðstafana gangi markmið um störf án staðsetninga ekki eftir.

Eins og bent er á í grænbókinni er staða Íslands og Noregs sambærileg gagnvart regluverki evrópska efnahagssvæðisins. Vænlegt væri að leita í smiðju Norðmanna varðandi aðferðir til byggðaðróunar, s.s. tengt jöfnun flutningskostnaðar, mismunandi tryggingagjaldi af launum, afskriftum námslána, lægri tekjuskatti og hærri barnabótum, auk stefnumiðaðra verkefna á borð við nýsköpun tengt loftslagsmálum og landnýtingu. Í þessu samhengi er bent á þann árangur Norðmanna að einungis 30% íbúa eiga lögheimili á höfuðborgarsvæði þar í landi, en 64% hér, sem fyrir segir.

**Skútustaðahreppur fagnar þeim árangri sem náðst hefur í byggðaðróun í tíð núverandi ríkisstjórnar og hvetur stjórnvöld til dáða í þessum efnum.**

Virðingarfyllt,



Sveinn Margeirsson, sveitarstjóri